

Nd.

219. Nefndarálit

um frv. til laga um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aveitan á Flóann, sem hjer ræðir um, kemur 6 hreppum að notum og kostar, auk flóðgarða, eftir áætlun 500,000 kr. Eigendur jarðanna, sem áveitan nær til, skulu greiða $\frac{3}{4}$ áveitukostnaðarins, en landssjóður $\frac{1}{4}$. Vatnið á að taka úr Hvitá. Stærð áveitulandsins hefir mælst 151,45 ferkm., auk Miklavatnsmyrarinnar. Kunnugir menn telja vist, að nóg vatn fáist til áveitunnar á Brúna- staðaflótum við Hvitá, og engin hætta sje á, að áin geti breytt sjer svo, að þurð verði á vatni síðar meir. Sje vissa fyrir þessu, mælir það mjög með fyrirtækinu. Hjer er líka um mikið landflæmi að ræða. Má gera sjer miklar vonir um árangurinn, þegar verkið er komið í framkvæmd. Mun þetta vera stærsta áveitufyrirtæki, sem um er að ræða hjer á landi. Er þá mikið að gert á Suðurlandsundirlendinu, þegar áveita er komin á Flóann og Skeiðin í Árnessýslu og fyrirhleðsla fyrir Þverá og Markarfljót í Rangárvallasýslu.

Langt er síðan farið var að ræða þetta mál, og það hefir fengið góðan undirbúning hjá Flóaáveitunefndinni og þeim mönnum, sem hún hefir haft samvinnu við um málið í Árnessýslu.

Nefndinni virðist þó nokkuð hart, að veðrjettur landssjóðs nái til allra mannvirkja jarðeigenda á áveitusvæðinu, því að þá yrðu þeir harðast úti, sem mest mannvirki hefðu gert. Yrði úr því misrjetti. Hyggur nefndin, að veð landssjóðs geti verið gott fyrir því, þótt gerð sje tilslökun um mannvirkin.

Leggur nefndin því til, að frv. sje samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 7. gr.

1. Orðin í 2. málsgrein: «ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar og eru eign jarðeigenda» falli burt.
2. Við 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Veðrjettur landssjóðs, sá er í 2. málsgrein getur, nær til mannvirkja, sem eigendur eiga á jörðunum. Nú eru slík mannvirki metin til verðs hærra en 1000 kr., og tekur veðrjetturinn þá eigi til þess af verðinu, sem fram yfir er þá upphæð.

Alþingi, 30. júlí 1917.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Jón Jónsson,
skrifari.

Sigurður Sigurðsson,
framsögum.

Þjetur Þórðarson.

Einar Árnason.